

Fundargerð 95. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 7. ágúst kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla stjórnar 2024-2026 - 2608003SO

Lögð fram til umræðu og samþykktar drög að skýrslu stjórnar fyrir starfsárin 2024-2026.

Drög að skýrslu stjórnar samþykkt og verða drögin send út til aðildarsveitarfélaga samhliða fundarboði.

2. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningar - 2606001SO

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkir ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til staðfestingar.

Ársreikningur 2025 lagður fram til samþykktar en ársreikningur 2024 og 2025 verða lagðir fyrir aðalfund til staðfestingar.

Ársreikningur 2025 samþykktur og verður hann lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

3. Fjárhagsáætlun 2027-2028 - 2608001SO

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun til samþykktar fyrir aðalfund.

Drög að fjárhagsáætlun samþykkt og starfsmanni falið að senda þau út með aðalfundarboði.

4. Erindisbréf kjörnefndar - 2608002SO

Lagt fram til samþykktar drög að erindisbréfi kjörnefndar en samkvæmt samþykktum skal stjórn samþykkja erindisbréf þar sem nánar er fjallað um samsetningu stjórnar.

Lagt fram bréf kjörnefndar sem fylgja þarf aðalfundarboði þar sem kjörnefnd óskar eftir framboðum í stjórn.

Stjórn samþykkir erindisbréf kjörnefndar og felur starfsmanni samtakanna að kynna erindisbréfið fyrir kjörnefnd.

5. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SO

Lagt fram aðalfundarboð til samþykktar.

Lagt fram drög að bókun fyrir aðalfund til umræðu og samþykktar.

Aðalfundarboðið samþykkt og starfsmanni falið að senda út aðalfundarboð.

Tillaga að bókun einnig samþykkt og verður hún send út með aðalfundarboði.

6. Orkufundur 2027 - 2608004SO

Til umræðu drög að dagskrá.

Stjórn felur undirbúningshóp fyrir orkufund að vinna áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7. Önnur mál - 2509006SO

Stjórn þakkar Kristni Andersen kærlega fyrir samstarfið og hans framlag til starfsemi samtakanna síðustu ár en Kristinn hefur setið sinn seinasta stjórnarfund hjá samtökunum.

Fundi var slitið kl. 09:30